



Nýr leikskóli á Seltjarnarnesi

Í síðustu viku var haldin sérstök kynning á nýjum leikskóla fyrir starfsfólk Leikskóla Seltjarnarness þar sem Örn Viðar Skúlason formaður bygginga-nefndar sagði frá verkefninu og tímalínunni og arkitektar sýndu teikningar af nýjum leikskóla og upplýstu um hugsun og útfærslu hönnunarinnar auk þess að svara spurningum.

Sagt er frá þessu í máli og myndum á bls. 4 og 5.

Opið
8-24
alla daga
Á EIDISTORGI
HAGKAUP



Er **maí** þinn skoðunarmánuður?

Verið velkomin **á Grandann**



Frumherji



Grant Thornton

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

www.grantthornton.is

Grant Thornton endurskoðun ehf. er íslenskt aðildarfélag Grant Thornton International Ltd., sem er eitt af fremstu alþjóðlegu samtökum sjálfstæðra endurskoðunar og ráðgjafarfyrirtækja. Grant Thornton endurskoðun ehf. sérhæfir sig í að aðstoða rekstraraðila við að nýta tækifæri til vaxtar og bættrar afkomu með skilvirkri ráðgjöf. Framsýnn hópur starfsmanna, undir stjórn eigenda, sem ávallt eru aðgengilegir viðskiptavinum, nýta þekkingu og reynslu sína til að greina flókin málefni og finna lausnir fyrir viðskiptavinum sínum, hvort sem það eru einkarekin, skráð félög eða opinberar stofnanir. Yfir 35.000 starfsmenn Grant Thornton fyrirtækja í meira en 100 þjóðlöndum, leggja metnað sinn í að vinna að hag viðskiptavina, samstarfsmanna og samfélagsins sem þeir starfa í.

Leiðari

Leikskóli til frambúðar

Þór Sigurgeirsson bæjarstjóri segir í viðtali við Nesfréttir að nýr leikskóli verði bylting fyrir starfsemi skólans í heild sinni. Hann kveðst sannfærður um að ný og glæsileg bygging verði mikil lyftistöng fyrir leiksskólastarf bæjarins.

Þór hefur rétt fyrir sér í þessu máli. Leiksskólamál á Nesinu hafa verið í ólestri vegna húsnæðisvanda. Gömlu leikskólahúsin hafa verið að ganga úr sér. Með þeim var heldur ekki hægt að taka við fjölgun barna – meðal annars vegna nýrrar íbúðabyggingar.

Með verðlaunasamkeppni um nýjan leikskóla á Seltjarnarnesi árið 2018 var brotið ákveðið blað í þessu máli.

Því var þó ekki lokið þar sem ljóst var að um kostnaðarsama framkvæmd yrði að ræða fyrir fámennt bæjarfélag. Nú heftir hönnuðum þessa verkefni og bæjaryfirvöldum tekist að finna lausn til þess að hefja verkið.

Um 1.600 fermetrar munu bætast við húsrými leikskólans og öll starfsemin hans rúmast einum stað. Með þessu verða leiksskólamál Seltirninga leyst til frambúðar.

Margrét Gísladóttir ráðin leiksskólastjóri

Margrét Gísladóttir hefur verið ráðin leiksskólastjóri Leikskóla Seltjarnarness. Hún er Seltirningum að góðu kunn þar sem hún hefur starfað við Leikskóla Seltjarnarness sl. 20 ár og hefur öðlast góða innsýn í uppbyggingu leiksskólastarfsins, starfshætti, skipulag og rekstur skólans í gegnum árin.

Margrét hefur gegnt hlutverki leiksskólastjóra í afleysingum frá því í september 2021 og þar áður einnig á árunum 2018 og 2019. Margrét var áður aðstoðarleiksskólastjóri frá árinu 2017. Margrét hefur öðlast góða innsýn í uppbyggingu leiksskólastarfsins, starfshætti, skipulag og rekstur skólans í gegnum árin. Hún hefur auk þess verið virkur þátttakandi í undirbúningi að byggingu nýs leikskóla, sem er eitt stærsta verkefnið sem Leikskóli Seltjarnarness stendur frammi fyrir í dag. Margrét er því vel í stakk búin til þess að leiða samstarfsfólk, börn og foreldra í gegnum þær breytingar sem komandi mánuðir og ár bjóða upp á. Þá hefur hún haft tengsl við samstarfsaðila skólans í áraraðir.



Margrét Gísladóttir.



www.sysstrasamlagid.is



TJÓNAVIÐGERÐIR



Um okkar FYRIRTÆKI

GB tjónaviðgerðir er réttinga- og málningarverkstæði með 5 stjörnu gæðavottun frá Bilgreinasambandinu. Við erum í samstarfi við öll tryggingafélög.





Hafðu samband núna



Droghóls 6-8



567-0690



tjon@tjon.is



www.tjon.is

Við þjónustum allar gerðir bíla



Tjónaskoðun

Við skoðum bílinn og undirbúum tjónamatid sem sent er til tryggingarféлага.



Rétting og málun

Við vinnum eftir stöðlum framleiðanda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stenst ítrustu kröfur.

Getum gert fast verðtilboð í viðgerðir

Erum með bílaeigubíla á staðnum

Vinum með öllum bílaumboðum

Bóknám

Heilbrigðisvísindabraut
Opin stúdentsbraut
Félagsfræðabraut
Íþrótt- og heilbrigðisbraut
Náttúrufræðibraut
Viðskipta- og hagfræðibraut
Almenn námsbraut
Viðbótarnám til stúdentsprófs

Listnám

Nýsköpunar- og listabraut

Starfsnám

Grunnnám heilbrigðisgreina
Heilbrigðisritarabraut
Lyfjatæknabraut
Heilsunuddbraut
Sjúkraliðabraut
Sóttthreinsitæknabraut
Tanntæknabraut
Þjónustutæknibraut

Stuðningsnám

Sérnámsbraut

Fjarnám

Haust-, vor- og sumarönn



Dagskóli

Skráningu í dagskóla fyrir haustönn
lýkur 10. júní

Fjarnám

Skráningu á sumarönn í fjarnámi
lýkur 7. júní og kennsla hefst 9. júní



Tölvumynd af fyrirhuguðum leikskóla á Seltjarnarnesi sem mun rísa við gatnamót Nesvegar og Suðurstrandar.

Nýr leikskóli rís á Seltjarnarnesi

Undanfarna mánuði hefur markvisst verið unnið að undirbúningi nýrrar leikskólabyggingar á Seltjarnarnesi enda er, samkvæmt Þór Sigurgeirssyni bæjarstjóra, bygging leikskóla eitt af stóru forgangsmálum bæjarins. Þessa dagana er verið að kynna afrakstur þeirrar vinnu og er Þór mjög ánægður með það upplegg sem kynnt er til sögunnar. „Það hafa verið til skoðunar nokkrar útfærslur á þessari byggingu, en nú liggur fyrir ábyrg ákvörðun um að byggja nýja um 1600 m² byggingu og nýta jafnframt fyrirbyggjandi byggingar á svæðinu, þ.e. að tengja við húsnaði Mánabrekku og gera endurbætur á Sólbrekku“ segir Þór.

Eins og kunnugt er var haldin verðlaunasamkeppni um nýjan leikskóla á Seltjarnarnesi árið 2018 þar sem Andrúm arkitektar hlutu fyrstu verðlaun fyrir hönnun sína á „Undrabrekku“. Nú er svo komið að frumhönnun leikskólans er að klárast og nánari útfærsla og fullnaðarhönnun að taka við. Stefnt er að því að allar meginlinur hönnunar liggi fyrir í haust, að þá verði farið í útboð á byggingunni og framkvæmdir hefjist snemma á næsta ári. Áformað er að framkvæmdum ljúki á seinni hluta ársins 2025. Andrúm arkitektar munu annast alla hönnunarstjórn verkefnisins, þ.m.t. arkitekta- og verkfræðihönnun auk umsjónar með gerð verklýsinga vegna útboðs. Ríkiskaup mun sjá um framkvæmd útboða vegna allra verklegra framkvæmda.

Endanleg hönnun er þróun á verðlaunatillegunni

Arkitektar hjá Andrúm arkitektum



Frá kynningarfundi fyrir starfsfólk leikskólans á Seltjarnarnesi.

hafa þróað samkeppnistillöguna með aðkomu starfshóps á vegum bæjarins. Í þeim hópi eru auk bæjarstjóra fulltrúar frá leikskólanum og bæjaryfirvöldum þ.e. þau Margrét Gísladóttir leikskólastjóri, Baldur Pálsson sviðsstjóri fjölskyldusviðs, Brynjar Þór Jónasson sviðsstjóri Skipulags- og umhverfissviðs, Karen María Jónsdóttir varabæjarfulltrúi og Örn Viðar Skúlason sem jafnframt er formaður bygginganefndar leikskólans. „Við höfum ákveðna undirbúningsvinnu við hönnun leikskólans strax síðasta sumar og um áramótin var vinnan sett í formlegt ferli með stofnun byggingarnefndar“ segir Örn Viðar. „Við leggjum mikla áherslu á gott samráð við stjórnendur leikskólans og fagfólk bæjarins í hönnunarferlinu og varðandi alla

vinnu við útfærslu leikskólans. Haldið hefur verið í allar lykilhugmyndir verðlaunatillegunnar þó að skólinn hafi reyndar minnkað frá upphaflegri áætlun samkeppninnar. Þau markmið sem við höfum haft að leiðarljósi er að bæta húsnaðismál leikskólans með samnýtingu við Mánabrekku og Sólbrekku. Við viljum uppfylla öll helstu viðmið um aðstöðu fyrir kennara og fjölda barna á deild og gera leikskólann í stakk búinn að taka á móti börnum við 12 mánaða aldur“ segir Örn Viðar enn fremur.

Hjarta í miðjunni

Samkvæmt arkitektunum hefur meginstefið frá upphafi verið að skapa samfélag og umgjörð um þann ævintýraheim sem leikskólinn er og það hvernig börn upplifa og kanna sitt umhverfi – á sama tíma og

hönnun tekur mið af því að leikskólinn er stór vinnustaður og því þarf að skapa gott vinnuumhverfi. Hugsun um vellíðan og heilsu að leiðarljósi er leiðandi þáttur í hönnun byggingarinnar, það er hugað að góðri nýtingu á dagsbirtu og ljósgæðum og sérstaklega hugað að hljóðhönnun því góð hljóðvist er einn af þeim þáttum sem hafa hvað mest áhrif á vellíðan fólks – barna og starfsfólks. Deildirnar, hver með sínu haganlega skipulagi, tengjast allar miðjunni – Hjartanu – sem er salur þar sem allt mætist og opnar sýn mót leiksvæði í suðri. Byggingin sjálf tekur sér stöðu á horni Suðurstrandar og Nesvegar og leggur sitt af mörkum við að skapa fallega götumynd á þessum mikilvæga stað á krossgötum bæjarins – og skapar á sama tíma skjól fyrir vel þekktri norðanátt og hávaðamengun frá umferð.

Góður rómur gerður að tillögunni meðal starfsmanna

Í síðustu viku var haldin sérstök kynning fyrir allt starfsfólk Leikskóla Seltjarnarness þar sem Örn Viðar sagði frá verkefninu og tímalínunni. Arkitektarnir sýndu teikningar af nýjum leikskóla og upplýstu um hugsun og útfærslu hönnunarinnar auk þess að svara spurningum. Margrét leikskólastjóri var einnig til svara varðandi áherslur og innra skipulag en hún er eins og áður segir þátttakandi í vinnuhópnum. „Við höfum átt mjög gott samstarf við hönnuðina og aðra sem komið hafa að þessu verkefni. Það er gaman að vinna að svona verkefni þegar maður finnur að á okkur, sem vinnum á staðnum og með börnunum, er hlustað og við getum haft bein áhrif á útfærsluna“ segir Margrét. „Starfsemi leikskólans hefur verið á nokkrum stöðum og við frekar þröngar aðstæður. Með þessari byggingu verður aðstaðan öll mun betri. Gott vinnurými kennara, góð aðstaða á deildunum og gott sameiginlegt rými skapa mikla möguleika á lifandi starfi fyrir börnin. Tengibyggingin við Mánabrekku gerir svo starfsemi húsanna nánari og aðgengilegri“ segir Margrét ennfremur. Kynningin gekk vel og ekki annað að sjá og heyra af spurningum og spjalli í kjölfarið en að ánægja og tilhlökkun ríki á meðal starfsmanna leikskólans. Þessa dagana er einnig verið að kynna tillögurnar víðar innan bæjarins auk þess sem bæjarbúum gefst kostur á að kynna sér málið m.a. á heimasíðu bæjarins.

Mikil lyftistöng fyrir Seltjarnarnes

Aðspurður segir Þór að það sé virkilega gaman að sjá hversu vel allur undirbúningurinn gengur og að það verði spennandi að fylgjast með framkvæmdunum. Það er mikilvægt að hafa í huga að með fyrirhugaðri byggingu tvöfaldast vinnurými leikskólans, en Mánabrekka og Sólbrekka eru um 1.300 m² og því munu um um 1.600 m² bætast við húsrými leikskólans og starfsemin öll rúmast á einum stað. Samhliða þessum áformum verður ráðist í endurbætur á bæði Mánabrekku og Sólbrekku og allur aðbúnaður bættur. „Þetta verður því bylting fyrir starfsemi leikskólans í heild sinni og ég er sannfærður um að ný og glæsileg bygging verður mikil lyftistöng fyrir leiksskólastarf bæjarins“ segir Þór.



Tölvumynd af útsvæði leikskólans.



Tölvumynd af neðri hæð leikskólans.



Tölvumynd af efri hæð leikskólans.

Staðreyndirnar tala sínu máli

Í grein sinni „Horfum á staðreyndir“ í síðasta tölublaði Nesfrétta skrifaði Bjarni Torfi Álfþórsson, bæjarfulltrúi Samfylkingar og óháðra, glaðhlakalega um skattahækkun sína. Hann hafði auðvitað séð fyrir stríð og í kjölfarið mikla verðbólgu og kostnaðarverðshækkanir á síðasta ári og taldi því ekkert óeðlilegt að hækka skatta á bæjarbúa. En hann gleymdi þó alveg að tala um staðreyndir í greininni. Hallarekstur bæjarsjóðs (A-hluta) var vissulega 403 milljónir á síðasta ári. Það er sá hluti sem rekinn er fyrir skatttekjur. En hallareksturinn skýrist einkum af tvennu. Í fyrsta lagi námu verðbætur á skuldir bæjarins um 279 milljónum króna. Í öðru lagi hækkaði lífeyrisskuldbinding bæjarins um 266 milljónir. Þetta skýrir rekstrarhalla uppá 545 milljónir! Hvorugt hefði verið hægt að laga með hærri sköttum eða miklum niðurskurði, nema ganga að þjónustu við bæjarbúa dauðri. Og það sem mestu skiptir, hvorugt hefur áhrif á sjóðsstreymi. Veltufé frá rekstri A-hluta, í gríðarlega erfiðu árferði sveitarfélaga, var eftir sem áður 256 milljónir og raunar 478 milljónir ef við skoðum samstæðu bæjarins í heild. Veltufé frá rekstri, það sem er til aflögu til að greiða af skuldum og fjárfesta, er ein allra mikilvægasta stærð í rekstri sveitarfélaga. Reykjavíkurborg, undir forystu Samfylkingarinnar, horfði hins vegar á -2,1 milljarð í veltufé til rekstrar á síðasta ári! Með öðrum orðum er borgarsjóður rúmlega tveimur milljörðum frá því að geta greitt nokkurn skapaðan hlut upp í skuldir sínar. Háir skattar þýða ekki betri rekstur, nema síður sé. Það hefur vinstri meirihlutinn í Reykjavík staðfest endanlega.

Óvinnandi taprekstur og skuldavandi?

Afar mikilvægt er að átta sig á því að fjárhagsvandi Seltjarnarnesbæjar er ekki stórvægilegur. Það hefur gefið hressilega á bátinn eftir heimsfaraldur og stríð, launahækkanir síðustu ára og ekki síst mikla verðbólgu í framhaldinu. Á síðustu fimm árum hefur lífeyrisskuldbinding A-hluta aukin heldur hækkað um rúmlega 900 milljónir, úr 1,3 milljörðum í 2,2 milljarða króna. Hækkunin er gjaldfærð í rekstrarreikningi. Það þýðir einfaldlega að 900 milljónir af hallarekstri síðustu ára hefur nákvæmlega ekkert með daglegan rekstur bæjarins, sjóðstöðu eða þjónustu hans að gera. Þannig hefur bærinn ekki þurft að staðgreiða þessar 900 milljónir með tilheyrandi niðurskurði á þjónustu. Lífeyrisskuldbindingin hækkar inní framtíðina og greiðslur dreifast yfir næstu áratugi. Á síðasta ári greiddi bærinn um 87 milljónir af lífeyrisskuldbindingunni.

Skuldaviðmið bæjarins er 80%. Það má hæst vera 150%. Skuldaviðmið er sérlega mikilvægt þar sem þá er búið að taka tillit til krafna varðandi hjúkrunarheimilið Seltjörn, en ríkið skuldar bænum um 1,2 milljarða (verðtryggt) skv. ársreikningi sem draga má frá langtímaskuldum A-hluta bæjarins. Þær námu um áramótin 3,1 milljarði. Langtímaskuldir A-hluta eru því í raun 1,9 milljarður, en ekki 3,1 milljarður. Enn fremur þarf að taka

tillit til skuldar Reykjavíkurborgar vegna byggingar fimleikahúss en skuldin nemur núna um 600 milljónum og er líka verðtryggt. Er því hinn meinti mikli skuldavandi í raun kominn niður í rétt liðlega 1,3 milljarða króna. Eftir stendur þó lífeyrisskuldbindingin, uppá 2,2 milljarða eins og áður sagði. Hún er vissulega byrði en ekki mjög þung. Þessar staðreyndir, þ.e. kröfur bæjarins á ríki og borg, endurspeglar ekki suma skuldamælikvarða sem stuðst er við í samanburði sveitarfélaga, en þær eru staðreyndir eftir sem áður og endurskoðaður ársreikningur bæjarins staðfestir það. Bjarni Torfi þarf sjálfur að horfa á þær staðreyndir.



Magnús Örn Guðmundsson.

Rútnubréfin víða

Um helmingur sveitarfélaga fékk áminningu frá Eftirlitsnefnd um fjármál sveitarfélaga fyrir skemmstu. Reyndar er minna talað um að enn eru sveitarfélögin á undanþágu vegna vandráðagangs eftir heimsfaraldurinn þar sem allur rekstur fór á kaf og kallaði borgarstjórinn í Reykjavík bréfið „rútnubréf“. Árið 2026 þarf þetta þó að vera komið í lag og því er áminningin í raun kærkomin og brýnir sveitarfélögin til aðgerða. Við höfum gagnrýnt að gríðarleg hækkun lífeyrisskuldbindingar sé reiknuð inní viðmið Eftirlitsnefndarinnar og fróðlegt verður að sjá hvort viðmiðum verði breytt. Við blasir þó að taka þarf á þeim gríðarlega halla sem ríki og sveitarfélög leyfðu sér að fara í til að halda öllu gangandi í ströngum sóttvaramaraðgerðum stjórnvalda. Sjálfstæðismenn munu grípa til aðgerða til að bæta fjármálastjórn og hagræða. Áætlanagerð, eftirfylgni og upplýsingagjöf verður stórbætt. Samningar við birgja endurskoðaðir. Sala lóða, m.a. á „bensínstöðvarreit“, eru í skoðun og enn fremur hafa Sjálfstæðismenn lýst vilja sínum við fjármálaráðherra að selja hjúkrunarheimilið Seltjörn. Það yrði gert til að létta af þeim skuldum sem á húsinu hvíla og rugla skuldahlutföll. Hjúkrunarheimilið er rekið af ríkinu og fjármagnað af ríkinu með leigugreiðslum. Skuldin er í bókum bæjarins og hækkar og viðhald eykst. Það skýtur skökku við, í rekstri sem eru óviðkomandi bænum. Við Sjálfstæðismenn ætlum að taka á vandanum, ólíkt nágrönnum okkar í Reykjavík, sem hafa hækkað skatta í botn. Þar eru nú góð ráð dýr og lánin líka. Það er það átakanlega.

Magnús Örn Guðmundsson

Formaður bæjarráðs Seltjarnarnesbæjar



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN



HÚSAVIÐGERÐIR.IS

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!

www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070



 Finndu okkur á Facebook

Fjölmenni á markaðsdegi

Markaðsdagurinn sem haldin var á Eiðistorgi laugardaginn 6. maí sl. Tókst með ágætum. Fjöldi fólks lagði leið sína á torgið. Iris Gústafsdóttir hárgreiðslukona á Seltjarnarnesi sem var upphafsmanneskja að deginum segir langt síðan að önnur eins stemning hafi sést á Eiðistorg. Fljótt eftir að Iris fór að vinna að hugmyndinni varð ljóst og fjöldi fólks var tilbúið til þess að taka þátt í deginum. Það reyndist rétt því mörg söluborð voru þakin ýfum eigulegum hlutum. En nú er spurning um hvort þessi viðburður megi endurtaka sig. Iris rifjaði upp í spjalli við Nesfréttir í aðdraganda markaðsdagsins að talsvert líf hafi orðið í kringum



Margir lögð leið sína á Eiðistorg 6. maí sl. og vel fór á með fólki.

sölustarfsemi sem hafi verið á Eiðistorgi fyrir nokkrum árum. Gaman væri að geta endurvakið þá stemningu að nýju. Hugmyndir eru um að endurtaka þetta næsta haust.

Ykkar menn á Nesinu

Góð þjónusta / Fagljósmyndun / Sanngjörn sölubókun

Ertu í hugleiðinugm um að **minnka** eða **stækka** við þig?

Erum með **kaupendur** og **seljendur** óskráðra eigna sem **skoða skipti**.

Hafðu samband og fáðu **frítt** skuldbindingalaust **verðmat**.

FASTEIGNASALAN

MIKLABORG

Sími 569 7000 | miklaborg.is

Ólafur
Finnbogason
lögg. fasteignasali
Sími: 822 2307
olafur@miklaborg.is

Páll
Þórólfsson
lögg. fasteignasali
Sími: 893 9929
pall@miklaborg.is

Viðtal við Kristín E. Hrafnsson

Innblásturinn er hér við ströndina

Tíminn er eins og vatnið, og vatnið er kalt og djúpt eins og vitund mín sjálfs.

Og tíminn er eins og mynd, sem er máluð af vatninu og mér til hálf.

Og tíminn og vatnið renna veglaust til þurrðar inn í vitund mín sjálfs.

Þessar upphafsljóðlínur eins þekktasta kvæðis íslenskra bókmennta Tíminn og vatnið eftir Stein Steinarr komu í hugann við göngu um Hverfisgallerí á dögunum. Hvað vakti þess hugsun? Sýningin allt er nálægt - sýning á verkum Kristins E. Hrafnssonar myndlistarmanns, en þar gat að líta margbreytileg verk þar sem víða var komið við og hugsanatengslin við ljóð Steins vöknudú aftur og aftur. Þegar tíðindamaður heimsótti Kristín í Bollagarða á Seltjarnarnesi skömmu síðar ympraði hann á þessari tilfinningu sinni. Kristinn tók þessum tengslum ekki fjarri, án þess þó að leggja beinan dóm á samlíkinguna, en kvaðst alls ekki hafa unnið með þetta magnaða verk Steins í huga, þó margt á sýningunni ætti sínar rætur í skáldskap.

Kristinn hefur stundað list sína í áratugi, en hann hóf myndlistarnám á Akureyri og stundaði síðan nám við Myndlista- og handíðaskólann og síðar við Akademie der Bildenden Künste í München í Þýskalandi þaðan sem hann útskrifaðist árið 1990. Hann bjó um langt skeið í Grjótaþorpinu í Reykjavík og flutti þaðan ásamt þáverandi konu sinni í Bollagarðana fyrir nokkrum árum. Bollagarðahúsin tvö, íbúðarhúsið og fjósið/hlöðuna, tók Kristinn í gegn og nánast endurbyggði þau og byggði á milli þeirra tengibyggingu. Þetta nær því aldar gamla hús er nú íbúðarhús og vinnustofa á stórri lóð gamla Bollagarðabýlisins.

Kristinn er borinn og barnfæddur Ólafsfirðingur, en hvað kom til að Nesið heillaði hann? Hann segir það hafa verið þetta gamla býli sem heillaði og þeir möguleikar sem hann sá í húsunum, fremur en Seltjarnarnesið sem slíkt. „Við hjónin þurftum að skipta um húsnæði og hér var hægt að leysa allar okkar praktisku þarfir. Hér var hægt að slá tvær flugur í einu höggi - skapa heimili og vinnustofu á sama stað.“ Kristinn segir húsin hafa verið illa farin þegar hann festi kaup á þeim, enda byggð

af vankunnáttu og eflaust vanefnum á sínum tíma og annað þeirra hafi aldrei verið kynnt og þar var ennþá moldargólf að hluta. Sparlega hafi verið farið með steypustyrktarjárn og annað var bara komið að endurnýjun. „Þetta voru tvö stakstæð hús sem átti að rífa samkvæmt gildandi skipulagi og í þeirra stað átti að byggja tvö hús í samræmi við yngri húsin í götunni. Reyndar var komin á húsin svokölluð hverfisvernd skv. ákvörðun Minjastofnunar og það var lyklatríði við kaupun á húsunum frá okkar sjónarhóli. Sú friðum hafði meira gildi en áformin um niðurrífið og því töldum við þetta ekki svo flókið mál. Þá hinsvegar tók við löng og ströng þrautaganga og pappírslækja. Bæjarstjórin þáverandi gerði við okkur samkomulag um framgang málsins sem hún síðan stóð ekki við, nágrannar snérust gegn þessum áformum, sem er líklega skýringin á sinnaskiptum bæjarstjórans, og skipulagsyfyrvöld hjá ríki og bæ reyndust mjög erfið í úrvinnslu málsins. Þetta stóð allt mjög tæpt. Tíminn líður hægt í kerfi sem étur upp allan okkar hraðlíðandi tíma. Lókalpólitíkin, regluverkið og flækjustigið var gjörsamlega að ganga frá okkur. Ég held að vel hafi til tekist í uppgerð húsans og hef ekki heyrt annað en ánægjuraddir varðandi fráganginn á þessu öllu saman.“

Erfitt að draga úr hraðanum

Ég hef miklar efasemdir um rekstur svona bæjarfélags eins og orðið hefur til hér á Neginu og hef aldrei og hvergi heyrt sannfærandi og góð rök fyrir því að þessi litla eining sé rekin sem sjálfstætt samfélag. Þessi byggingarsaga er einfalt dæmi, en ég get tekið annað dæmi um getuleysið til að leysa einföldustu mál, segir hann: Ég þurfti nokkra mánuði til að koma því inn hjá nefndum og ráðum bæjarins að samkvæmt eigin skipulagsskilmálum væri umferðarhraðinn á Norðurstroind of há. Það rétt svo hafðist að skipta út tveimur eða þremur umferðarskiltum til að koma þessu til skila, en hraðinn hjá Seltirningum hefur lítið lækkað. Hér virðist ekki vera hægt að draga úr hraðanum, en það er hægt að hafa sterkar skoðanir á því ef borgin gerir ráðstafanir til að draga úr honum á Hringbrautinni eða annars staðar. Þá láta menn í sér heyrja. Og hér hafa orðið alvarleg umferðarslys, en þau virðast heldur ekki hreyfa við neinum. Ég hef þurft að draga slasað fólk hér



Bollagarðar eftir að Kristinn hafði gert húsið upp.

inn af götunni og hlúa að því, en fyrir nokkrum árum var ekið framan á kennslubíl beint fyrir utan húsið hjá mér. Bílarnir báðir voru dregnir ónýtir í burtu. Hér hefur ekkert breyst þrátt fyrir fleiri svona uppákomur.“

Innblásturinn er hér við ströndina

Um þetta má auðvitað hafa mörg orð, en ég held að menn verði bara að fara að kyngja stoltinu og horfast í augu við veruleikann. Þetta er kreddupólitík, en að mínu viti þarf að reka samfélag af reisu og umhyggju fyrir borgurunum og af menningarlegum metnaði og sjálfbærni. Það virðist ekki ganga hér sem stendur. Ég bind vonir við yngra fólkið - það reddar þessu. Þó Nesið renni saman við borgina, þá hverfur ekki fólkið eða náttúran. Það eru þau verðmæti sem hér er raunverulega að finna og ég sækir orðið mjög mikið í. Strandlengjan norðan, vestan og sunnan á Neginu er einstök og fjaran og sjóndeildarhringurinn - þetta er bara magnað. Ég hef nú þegar gert nokkur verk sem koma héðan beint úr fjörunni sem hugmyndir og eitt þeirra er á þessari sýningu minni í Hverfisgalleríinu. Innblásturinn er hér við ströndina eða að minnsta kosti blásturinn.“

Af sjónum í myndlistina.

Kristinn horfir um stund til baka. Hugurinn leitaði til heimahaga hans norður í landi. Til Ólafsfjarðar. Hann segir Ólafsfjörð hafa verið einangrað samfélag á þeim tíma og í lélegu vegasambandi utan hásumars og sjórinn oft eina samgönguleiðin. Þetta var gott samfélag, en því hefur hnignað, því miður. Kristinn kveðst

vera af sjómannsfjölskyldu og beint hafi legið við að hann yrði sjómaður, en stefnan hafi þó orðið önnur. „Ég fór að hugsa um myndlist um eða upp úr fermingaraldrinum, en það var annars fátt í samfélaginu sem dró mig í þá áttina. Tveir vinir hans hafi farið inn á listrænar brautir, en þeir voru og eru músikantar. Við leitum allir norður að einhverju marki og ég veit að þeir hafa stutt undir tónlistarlífið og sjálfur hef ég sýnt mín verk á Ólafsfirði.“

Að staðsetja sig

Nálægðin við sjóinn hefur sett mörk á hugmyndir og störf Kristins sem ekki tengjast myndlist með augljósum hætti. Í bókinni Á veglausu hafi sem gefin var út í tilefni af samnefndri innsetningu á listaverkum hans ásamt gripum úr Þjóðminjasafni Íslands er meðal annars velt upp hugmyndum um það hvernig maðurinn hefur í gegnum aldirnar reynt að staðsetja sig í veröldinni. Kristinn segir þetta grúsk sitt eiga rætur í æsku hans og uppeldi, en hann nýti þessa þekkingu ekki síður sem myndlíkingu fyrir þekkingarleit og ímyndunarafl sem sé nauðsynlegt til að skilja okkar flóknu tilvist. Fortíðin er lykill að samtímanum og ímyndunarafl er það sem kemur okkur úr sporunum. Það er mikilvægara en öll heimsins þekking ef nánnar er skoðað. Hvar værum við án þess? Ég hef í þessum þælingum skoðað mæli- og siglingatæki og ekki síður hvernig þetta birtist allt saman í tungumálinu. Íslendingar voru siglingaþjóð og sá strengur má ekki slitna, en hann er ekki eins áþreifanlegur í dag og hann var. Í alþjóðarótinu er mikilvægt að þekkja sína þræði og spinna þá saman við annað í heiminum. Það



Klukkuturnn við Íslandsklukkuna við Háskólann á Akureyri.

að ná áttum er eitt, en það er ekki síður mikilvægt að villast, fara vegleysur - út úr því geta komið skemmtilegar hugmyndir. Það er annars merkilegt að siglingafræði og stjörnufræði voru sama fyrirbærið og ég hef á undanförmum árum gramsað enn frekar í þessu og á sýningunni er ég að fjalla um rýmið og tímann. Það eru ekki bara meginhugtök í listinni, sérstaklega skúlptúrnum, heldur líka í lífinu. Þetta á sér rætur í þessum pælingum, en í mínum huga getur ímyndunaraflíð yfirunnið allar stærðir og fjarlægðir. Það er ekki lítið!

Í sýningarskrá segir Sigmundur Ernir Rúnarsson, gamall vinur Kristins og blaðamaður og rithöfundur meðal annars. "En þarna er listin komin, Kristins sjálfs, en líka bara afstaða hans og viðhorf, því einhvern veginn vaknar maður - og á aðra vegu sofnar maður. Það er ramminn. Allt



Frá sýningunni í Hverfisgalleríi.

gerist þar, utan og innan, í misjafnlega skrifuðum strikum og sveigjum."

Bollagarðar 100 ára.

Kristinn er farinn að huga að annarri sýningu. Bollagarðahúsin verða 100 ára á næsta ári og kveðst hann vera að huga að því að efna til lítillar útisýningar í tilefni þess, en meira viti hann ekki á þessari stundu. Ef til vill samsýning á lóðinni eða í fjörunni, en þetta þarf bara að fá að verða til eins og annað. Hafa sinn tíma.

En erfitt er að horfa á verk Kristins á sýningunni í Hverfisgalleríi án þess að ljóð Steins komi aftur í hugann. Við ljúkum þessu spjalli með því að grípa niður í eitt af erindunum í Tímanum og vatninu.



Tími, fjarlægðir og staðsetning er Kristni oft hugleikin.

*Alda, sem brotnar á eirlitum sandi.
Blær, sem þýtur í bláu grasi.
Blóm, sem dó.*

Ég henti steini í hvítan múrvegg, og steinninn hló.

☑ VÍÐBÓTAR –
LÍFEYRISSP?

☑ KORT SEM SAFNAR
AUKAKRÓNUM

☑ TAKA ÞÁTT Í
SUMARLEIKNUM

Fáðu sem mest út úr sumrinu

FÉLAGS- OG TÓMSTUNDASTARF ELDRI BÆJARBÚA

Starfsfólk félags og tómstundastarfs óskar ykkur öllum gleðilegs sumar og þakkar góða þátttöku í dagskrá og viðburðum vetrarins.

YFIRLIT YFIR VIÐBURÐI NÆSTU DAGA OG VIKUR

LISTSÝNING, KAFFIHÚS OG HVÍTASUNNUFERÐ

Senn líkur hefðbundnu vetrarstarfi í félags og tómstundum eldri bæjarbúa á Seltjarnarnesi. Þúttíð flyst frá Nesvöllum að þúttflötinni við Skólabraut. Jóga /leikfimi verður óbreytt út júnímánuð. Þessa dagana er verið að skrá í bæjarferð félagsstarfsins sem farin verður miðvikudaginn 24. maí þar sem heimsækja á listsýningu og fara á kaffihús. Einnig er verið að ská í ferð sem farin verður á hvítasunnudag 28. maí sem Seltjarnarnessókn stendur fyrir, þar sem farið verður um Vatnsleysuströndina, Knarrarneskirkja heimsótt ásamt slökkviliðsminjasafni Íslands. Ferðin er fólki að kostnaðarlausu.

SUMARFAGNAÐUR

Þó ekki sé sumarlegt hjá okkur þessa dagana þá erum við bjartsýn og vonum að nú fari að rætast úr.

Fimmtudaginn 1. júní verur haldin sumarhátíð í salnum á Skólabraut kl. 18.30. Þá verður boðið upp á ýmsa smárétti, léttu drykki og Bjarni Hall mætir með gítarinn og skemmtir. Hvetjum fólk til að fjölmenna í sumarskapi og velkomið að taka með sér gesti.

HANDVERKSSÝNING

Helgina 10. og 11. júní verður árleg sýning á handverki þeirra sem verið hafa í handavinnu og á námskeiðum vetrarins. Sýningin verður ákaflega fjölbreytt og margt fallegra muna. Á undanförunum árum hefur sýning eldri borgara á Nesinu ávallt fengið mikið hrós fyrir fallegt og hugmyndaríkt handverk og fallega uppsetna sýningu. Í tengslum við sýninguna verða sölubásar þar sem selt verðu handverk og ýmislegt annað. Vöflukaffið góða verður á sínum stað í borðsalnum. Hvetjum fólk til að fjölmenna og taka með sér gesti, en sýningin verður opin eins og áður segir helgina **10. og 11. júní frá kl. 11.00 – 17.00 báða dagana.**

SUMARFERÐ

Undanfarin ár hefur félags og tómstundastarfið staðið fyrir sumarferð, og er þá farið á markverða staði og staði sem fólk er ekkert endilega að fara á nema í hópferð og með leiðsögn, en m.a. hefur verið farið á Langjökul, Eyjafjallajökul, til Vestmannaeyja, í Þórmörk og Landmannalaugar svo einhverjir staðir séu nefndir.

NÚ VERÐUR FARIÐ Á SNÆFELLSNES ÞRIÐJUDAGINN 13. JÚNÍ.

Stoppað verður á helstu áningarstöðum á sunnanverðu Snæfellsnesi, skoðuð stórbrotin náttúra og dýralíf. Ferðin er dagsferð og verður farið frá Skólabraut kl. 8.30.

Búið er að panta borð fyrir kvöldverð á veitingahúsinu Sker í Ólafsvík kl. 17.30, og áætluð heimkoma er milli kl. 21.00 og 22.00. Ferðin kostar kr. 20.000.- (Innifalið: rúta, leiðsögumaður, hádegisnesti sem er samloka, safi, ávextir og kaka ásamt vatnsflösku og súkkulaðistykki.) Ath. fólk greiðir sjálft fyrir kvöldverðinn. Leiðsögumaður ferðarinnar er Gunnar Ingimundarson, landfræðingur en hann þekkir þennan landshluta mjög vel og hefur farið með marga hópa á þessar slóðir. Skráningarblöð liggja frammi á Skólabraut, Eiðismýri og í kirkjunni. Einnig er skráning og allar upplýsingar hjá Kristínu í síma 8939800 eða á kristin.hannesdottir@seltjarnarnes.is

Með ofangreindum viðburðum lýkur hefðbundnu vetrarstarfi félags og tómstundastarfs bæjarins. Til stendur að sumarstarfsfólk leysi af eftir 15. júní fram yfir verslunarmannahelgi og verður einhver dagskrá alla virka daga þann tíma þar sem áhersla verður lögð á samveru og hreyfingu. Allar upplýsingar um dagskrána verður að finna í aðstöðu félagsstarfsins á Skólabraut 3-5, á fb síðu eldri borgara og í Morgunblaðinu bæði blað og netútgáfu undir fólkíð/félagsstarf. Einnig hvetjum við alla til að fylgjast með dagskrá FEB SEL en þau hafa verið að bjóða upp á gönguferðir á föstudögum.

BÓKAÐ MÁL

Tilefni



Eins og venjulega byrjar íslenska sumarið á undan vorinu. Þetta er merkilegt fyrirbæri sem fáir kannast við nema á afskekktustu norðurhjörum en við erum orðin svo vön þessu hér að enginn kippir sér lengur upp við það. Við fögnum sumarkomunni í myrkri og kulda og svo, nokkrum vikum síðar, kemur vorið svífandi í róleghæitum.

Fyrir rétt tæpum hundrað árum orti Jóhannes úr Kötlum:

*Sunnan yfir sæinn breiða
sumarylinn vindar leiða.*

...

*Vorið kemur, heimur hlýnar,
hjartað mitt!*

Nú er hvítasunnan framundan, ein helsta vorhátíðin hér á landi. Þá er víst haldið upp á það þegar heilagur andi helltist yfir lærisveina Krists og þeir fóru m.a. að tala tungum sem síðan hefur verið litið á sem upphaf kristinnar kirkju. Hátíðin á sér þó eldri rætur sem voruppskeruhátíð hjá Gyðingum og einnig var þess minnst á þessum degi þegar Móse steig niður af fjallinu með boðorðin tíu í farteskinu. Nafnið hvítasunna kemur úr fornensku frá því fyrir 1100 og er talið tengjast hvítum klæðum þeirra sem létust skírast til kristni en hvítasunnan var eitt sinn mikil skírmarhátíð.

Ýmiskonar þjóðtrú er tengd hvítasunnunni eins og flestum hátíðum en þá átti svefn t.d. að vera slæmur fyrir heilsuna, sérstaklega ef fólk yrði á að dotta undir messu, auk þess sem tröll og aðrar forynjur áttu að sofa á hvítasunnumorgun svo það var tilvalinn tími til að vinna á þeim.

Nú á dögum leiða líklega fæstir hugann að tilefninu og þeirri miklu og merkilegu menningarsögu sem býr að baki rótgrónum hátíðum eins og hvítasunnunni. Fyrir okkur er þetta fyrst og fremst auka frídagur á annan, löng helgi á góðum tíma. En er það ekki stórhátíð út af fyrir sig í okkar erilsama nútímasamfélagi?

Hver einasta stund sem við getum slappað af og notið lífsins er dýrmæt gjöf hvort sem við þekkjum tilefnið eða ekki.

Og kannski skiptir það bara engu máli. Er ekki alltaf gaman að fá gjafir alveg án tilefnis, bara af því bara?

TRYGGVISTEINNSTURLUSON
Bókavörður á Bókasafni Seltjarnarness

Eldri borgarar

Gróttuganga á föstudögum



Mynd: Eyjólfur Garðarsson

Íþróttafélagið Gróttu í samstarfi við Félag eldri borgara á Seltjarnarnesi býður öllum eldri borgurum upp á Gróttugöngu um Nesið á föstudögum kl. 10:30.

Fyrsta gangan var í byrjun maí og þetta hefur farið mjög vel á stað. Brottför er frá íþróttahúsi Gróttu kl. 10:30 og að göngu lokinni býður Gróttu upp á kaffi og Björnsbakarí upp á bakkelsi í anddyri íþróttahússins. Vinsamlegast láttist berast til eldri borgara í kringum ykkur. Öll eru velkomin.

Er hleðsla rafbíla hausverkur í húsfélaginu?

Við aðstoðum við að leysa málið með
hagsmuni húsfélagsins að leiðarljósi

Hlutlaus úttekt og ráðgjöf fyrir húsfélög um fyrirkomulag
rafbílahleðslu og framkvæmdaáætlun.

Útvegum og berum saman tilboð og aðstoðum við styrkjaumsóknir.

- » Þarf stærri heimtaug?
- » Hvaða lausn hentar best?
- » Er kerfið búið álagasstyringu?
- » Sjálfvirkir greiðslu- og innheimtukerfi?



thjonusta@eignaumsjon.is | eignaumsjon.is



SELTJARNARNESBÆR

Í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst tillaga að deiliskipulagi í Seltjarnarnesbæ.

Leikskólar Seltjarnarnesbæjar, reitar S-3 í Aðalskipulagi Seltjarnarnesbæjar 2015-2033.

Á 138. fundi skipulags- og umferðarnefndar þann 13. apríl 2023 og á 964. fundi bæjarstjórnar Seltjarnarnesbæjar þann 26. apríl 2023 var samþykkt að auglýsa tillögu að deiliskipulagi Leikskóla Seltjarnarnesbæjar, reitar S-3 í Aðalskipulagi Seltjarnarnesbæjar 2015-2033. Deiliskipulagstillagan nær til reits S-3 í Aðalskipulagi Seltjarnarnesbæjar 2015-2033, reiturinn liggur á horni Nesvegur og Suðurstrandar og afmarkast af þeim götum svo og Selbraut til suðurs. Á reitnum eru í dag þrjár lóðir sem nú verða sameinaðar í eina sem fær heitið Suðurströnd 1. Í tillögunni felst að heimilað verði að reisa á sameinaðri lóð nýtt tveggja hæða húsnæði leikskóla Seltjarnarness, allt að 2.200m², til viðbótar við þær byggingar sem þar eru fyrir, nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillagan er auglýst frá og með 11. maí 2023 til og með 22. júní 2023 og verður til sýnis á skrifstofu Skipulags- og umhverfissviðs Seltjarnarnesbæjar að Austurströnd 1. Einnig má nálgast tillöguna á vef Seltjarnarnesbæjar <https://www.seltjarnarnes.is/is/ibuar/umhverfi-og-skipulag/skipulagsmal> og á <https://www.skipulagsgatt.is>. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Ábendingum og athugasemdum við tillöguna má skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið postur@seltjarnarnes.is eigi síðar en 22. júní 2023.

Seltjarnarnesi, 9. maí 2023

Brynjar Þór Jónasson

Skipulagsfulltrúi Seltjarnarnesbæjar



www.systrasamlagid.is

Aðalfundur Gróttu 2023



Aðalfundur deilda og ráða Íþróttafélagsins Gróttu fóru fram 27. apríl og fóru þeir fram í hátíðarsal félagsins. Aðalfundur hófst á tónlistaratriði. Jón Guðmundsson frá tónlistarskóla Seltjarnnesbæjar kynnti þrjár stúlkur sem einnig eru iðkendur í félaginu. Þær eru Arney María Arnarsdóttir sem spilaði á þverflautu, Sólveig Þórhallsdóttir einnig á þverflautu og Eyrún Þórhallsdóttir á saxófón.

Ólafur Örn Svansson hélt um fundarstjórnina en fundurinn hófst með skýrslu Þratar Guðmundssonar, formanns aðalstjórnar og í kjölfarið komu formenn og gjaldkerar deilda og ráða í pontu og fóru yfir starfið á árinu og rekstrarniðurstöður. Þróstur var að ljúka sínu fyrsta ári sem formaður en aðrir aðalstjórnarmeðlimir gáfu öll kost á sér til endurkjörs og er stjórnin því óbreytt. Gísli Örn Garðarsson hætti í stjórn fimleikadeildar og Fanney Magnúsdóttir kemur inn í hans stað. Gylfi Magnússon hætti í stjórn handknattleiksdeildar og Páll Gíslason í stjórn unglingaráðs handknattleiksdeildar. Þá hættu þeir Alexander Jensen og Rögnvaldur Dofri Pétursson í stjórn knattspyrnu deildar en það var fækkað í stjórninni sem er núna skipuð þeim Þorsteinn Ingasyni formanni, Hörpu Frímannsdóttur, Kristínu Huld Þorvaldsdóttur, Stefáni Bjarnasyni, Helga Héðinssyni og Hildi Ólafsdóttir.

Gefin var út glæsileg ársskýrsla fyrir síðasta ár sem nálgast má á heimasíðu Gróttu: www.grotta.is



Fimleikadeild Gróttu

Vormót í hóp- fimleikum og stökkfimi



Fimleikadeild Gróttu hélt vormót í hóp-
fimleikum og stökkfimi helgina 12. til 14. maí sem voru síðustu mót tímabilsins. Lið víðsvegar af landinu tóku þátt en 82 lið frá 17 félögum voru skráð á mótið.

Mótið var haldið í handboltasal Gróttu og var mjög vel heppnað. Gróttu átti fimm lið á mótinu sem stóðu sig öll vel. Við viljum nýta tækifærið til að óska öllum keppendum til hamingju með mótið og þakka öllum sem komu að mótinu fyrir aðstoðina.



RECARO

Barnabílstólar í úrvali

SEAT
FIX

AIR COOL
SYSTEM

ISO
FIX

HERO

ECE
NORM
B 44/04

ADVANCED
SIDE
PROTECTION

3 POINT
BELT

BÍLASMIÐURINN HF

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

Minkaveiðar í Gróttu



Meindýraeyðir hefur verið við veiðar á mink í Gróttu á Seltjarnarnesi í vor. Meindýraeyðinum er heimilt að fara um svæðið meðan á varpi kríunnar standur með byssu og hund ef þörf krefur en hann leggur einnig gildirur fyrir dýrin. Kostnaður Seltjarnarnesbæjar vegna aðgerðanna er allt að þrjár milljónir króna.

Ástæða minkaveiðanna er sú að krústofninn við Gróttu hefur dregst mikið saman að undanförmu og er talinn nánast við frostmark. Minkaveiðarnar eru því liður fuglavernd en mikið fuglalíf er á Seltjarnarnesi. Minkurinn er öflugt veiðidýr og er skaðvaldur á þeim svæðum þr sem fuglalíf er mikið og fjölbreytt. Krústofninn við Gróttu hefur nú fengið að finna fyrir veiðigetu hans. Minkurinn hefur aftur á móti orðið að mæta óvini sínum meindýraeyðinum.

Ný námsbraut á Heilbrigðisvísindabraut



Ný námsbraut verður í boði á heilbrigðisvísindabraut í Fjölbautaskólanum við Ármúla frá og með haustinu 2023. Námið á þeirri braut felst í að undirbúa nemendur undir nám á háskólastigi í heilbrigðisgreinum og sérstök áhersla verður lögð á undirbúning fyrir samkeppnispróf í hjúkrunarfræði, og inntökuþróf í lækna- og tannlæknadeild. Nám á Heilbrigðisvísindabraut er 200 eininga bóknámsbraut sem lýkur með stúdentsþrófi og skiptist hún í tvær línur; hjúkrunarlínu og lækna-, tannlækna- og sjúkrabjálfunarlínu. Nýja námsbrautin er fyrsta sinnar tegundar á landinu. Sem byggir m.a. á sérhæfðum áföngum frá Heilbrigðisskóla F.Á. Hér er um einstakt tækifæri að ræða fyrir nemendur en námið undirbýr nemendur vel sem stefna að því að þreyta samkeppnispróf í heilbrigðisgreinum á háskólastigi.

Gluggaskipti og glerjun

- Íslenskur húsasmíðaverkaki með íslenskum smiðum.
- Sérhæfing í gluggaskiptum og glerjun. Gæða vottaðir timbur/ál gluggar.
- Hægt er að fá tilboð í nýja glugga ásamt ísetningu í heildarpakka þar sem við sjáum um ferlið frá upphafi til enda.

Hafa samband Kobbi: 845 9596.
Heimasíða: www.jeiriks.com



Útfararstofa Íslands

www.utforin.is • Auðbrekku 1, Kópavogi

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892
Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson
S: 896 8242



Jóhanna Eiríksdóttir



Jón G. Bjarnason
S: 793 4455



Útfararstofa Hafnarfjarðar

www.utfararstofa.is • Dofrahellu 9b, Hafnarfirði

FALLEGIR LEGSTEINAR



Á góðu verði
Verið velkomin

Eyrartröð 16
220 Hafnarfirði

Opíð kl. 11-16 virka daga

Bergsteinar
legsteinagerð

Eyrartröð 16, 220 Hafnarfirði
sími: 537-1029, www.bergsteinar.is



Í fyrsta sinn í sögunni í 16-liða úrslitum Mjólkurbikarsins

Meistaraflokkur kvenna kominn áfram í 16-liða úrslit Mjólkurbikarsins eftir geggjaðan 2-1 sigur á Fylki í 32-liða úrslitum. Þetta er í fyrsta sinn í sögu Gróttu. Gróttu hafði unnið 4-2 sigur á ÍA í fyrstu umferð bikarsins og mættu næst Fylki í Árbænum.

Leikið var á Würth vellinum og komust heimakonur yfir á 3' mínútu en Gróttukonur börðust allan tímann og tókst að jafna metin í byrjun síðari hálfleiks. Mark Gróttu skoraði Ariela Lewis eftir frábæran undirbúning frá Arnfríði Auði. Það var síðan á 89' mínútu sem Birgitta Hallgrímsdóttir kom Gróttukonum yfir með glæsilegu marki og innsigldi sigur Gróttu. Glæsilegur sigur hjá stelpunum sem eru nú komnar áfram í 16-liða úrslit! Í 16-liða úrslitum tekur Gróttu á móti Bestu-deildar liðinu Stjörnunni laugardaginn 27. maí kl. 14:00 á Vivaldivellinum. Fjölmennum og styðjum stelpurnar til sigurs!



Stoltar inn í sumarið

Stelpurnar í 6. flokki yngri spiluðu sitt seinasta mót á tímabilinu helgina 5. til 7. maí. Mótið var haldið á Akureyri og voru Gróttustelpur með 12 fulltrúa í 2 liðum.

Lið 1 lék í 2. deild. Þær unnu fyrsta leik örugglega en svo fylgdu þrír hörkuleikir eftir þar sem stelpurnar unnu einn þeirra og töpuðu tveimur.

Lið 2 lék í 3. deild. Stelpurnar mættu til leiks á föstudeginum og áttu erfiða byrjun. Fyrstu tveir leikirnir töpuðust. Eftir tvo tapleiki stigu stelpurnar hrikalega vel upp og unnu seinustu tvo leikina með glæsibrag.

Í ljós kom að lið 1 endaði í 4. sæti á heildarstigakeppninni á Íslandsmótinu yfir veturinn. Stelpurnar í flokknum geta gengið stoltar inn í sumarið eftir frábæran handboltavetur.

Frábær ferð til Akureyrar

Strákarnir á yngra árinu í 6. flokki karla léku um helgina á seinasta Íslandsmóti vetrarins. Mótið var haldið á Akureyri þannig að 25 strákarnir lögðu af stað með rútu á föstudagsmorgni.

Gróttu tefldi fram þremur liðum á mótinu sem léku öll fjóra leiki. Lið 1 lék í 1. deildinni og mætti bestu liðum landsins; FH, Haukum, Stjörnunni og HK Kór. Það er skemmst frá því að segja að strákarnir gerðu eitt jafntefli og unnu alla hina leikina og uppskáru því sigur í efstu deild. Ekki nóg með það heldur tryggðu þeir sér bronsverðlaun um Íslandsmeistaratiðilinn.

Lið 2 lék í 3. deildinni og mætti Aftureldingu, HK Digranes, Haukum 2 og HK Kór 3. Eftir mikla baráttu í leikjum helgarinnar tryggðu þeir sér einn sigur en töpuðu þremur leikjum. Þeir enduðu því í 4. sæti í erfiðri 3. deild.

Lið 3 lék í 5. deildinni og mætti Þór, Fylki 2 og Haukum 4 tvívegis. Strákarnir gerðu sér lítið fyrir og unnu alla leiki helgarinnar. Þeir stóðu því uppi sem sigurvegarar í deildinni.

Félagið getur verið hrikalega sátt með flotta drengi sem eiga svo sannarlega framtíðina fyrir sér í handboltanum.



Sigur og tap í fimmta flokki

Strákarnir í 5. flokki yngri léku sitt síðasta mót á tímabilinu helgina 5. til 7. maí. Leikið var á Ísafirði þar sem mætt var með 15 drengi í tveimur liðum.

Lið 1 lék í 1. deild.

Þeir unnu fyrstu

tvo leiki mótsins

örugglega. Þriðji

leikur mótsins var

hörkuleikur gegn

sterku liði Selfossar

sem hafði betur í

þetta sinn. Síðasti

leikur mótsins var

spennutryllir gegn

FH sem endaði í

jafntefli 18-18 og því

þriðja sæti niðurstaðan á mótinu. Lið 1 endaði í fjórða sæti í baráttunni

um Íslandsmeistaratiðilinn. Lið 2 lék í 4. deild. Þeir byrjuðu mótið sterkt

á sigri gegn heimamönnum í Herði. Í leik 2 gegn Fylki var niðurstaðan

súrt tap og í lokaleik mótsins stigu strákarnir vel upp en mættu sterku

liði Víkings þar sem úrslit enduðu í minnsta mun 18-19 fyrir Víking.



GETRAUNANÚMER GRÓTTU

170



1X2
GETRAUNIR.IS

Yngri flokkar Gróttu fjölmenntu á TM mót

Grótta fjölmennti á TM mót Stjörnunna í apríl á fyrsta sumarmótið!

Grótta fór með 7 lið úr 8. flokki karla, 4 lið úr 8. flokki kvenna, 5 lið úr 7. flokki karla, 3 lið úr 7. flokki kvenna og 7 lið úr 6. flokki kvenna. Krakkarnir stóðu sig gríðarlega vel og var gleðin í fyrirrúmi.



NJÓTTU LÍFSINS Í SUMAR

VIÐELDUR
HEILBRIGÐRI HÚÐ
OG VER GEGN
SKADLEGUM
GEISLUM SÓLAR

EYKUR ÚTHALD.
HENTUG ÞEIM SEM
HREYFA SIG
MIKID.

SPF ER TVENNT
FRÁBÆRT Í
EINNI BLÖNDU.

Sara Björk gerði það gott með U15 í Portúgal

Gróttukonan Sara Björk Arnarsdóttir var valin í hóp U15 ára landsliðsins sem fór til Portúgals í byrjun maí. Hún lék þar tvo vináttuleiki við heimakonur.

Átján leikmenn frá 13 félögum voru í hópnum og var leikið á æfingasvæði portúgalska knattspyrnusambandsins 2. og 4. maí. Ísland vann báða leikina, þann fyrri 3-0 og þann síðari 2-1. Á meðfylgjandi mynd má sjá Söru sem var í byrjunarliði Íslands í síðari leiknum og er númer 13. Knattspyrnudeild Gróttu óskar Söru innilega til hamingju með flottan árangur.



Unnu alla sína leiki

Sjöundi flokkur kvenna í Gróttu héldu á handboltamót á Selfossi dagana 12. og 13. maí sl.

Stelpurnar í Gróttu 1 á eldra ári gerðu sér lítið fyrir og unnu alla sína leiki eða samtals tólf talsins.



Góðgerlapartý
20 billjónir góðgerla. Synerbio daglegir meltingargerlar eru í hópi bætiefna ársins 2023 frá Viridian. Inniheldur allt lítróf prebiótíska oligosakaríða og inúlín sem fjölga góðgerlunum. Kíktu á úrvalið.



Hálsmen og eyrnalokkar
Wanderlust skartið er handunnið og elegant.



Einstakur fatnaður
Ripple jóga klæðnaður er að okkar mati einn sá best sniðni fyrir jóga, allskyns hreyfingu og lífið.



Afgreiðslutími:
Mán: 10-16
Þri-fös: 10-17
Lau: 11-16


ÓÐINGSGÖTU 1, REYKJAVÍK
systarasamlagid.is
@systarasamlagid
Sími: 511 6367

Nesdekk býður þig velkomin á nýjan stað!

Nesdekk hefur opnað nýtt hjólbarðaverkstæði
á Fiskislóð 41, aðeins 200 metra frá gamla staðnum.

Á stærsta og glæsilegasta dekkjaverkstæði
miðbæjarins færðu dekkjaskipti og ráðleggingar
fagmanna við val á réttum dekkjum.

Við hlökkum til að sjá þig og bílinn þinn á Fiskislóð 41.



Bókaðu tíma á netinu



**Bókaðu tíma fyrir bílinn þinn og skoðaðu
dekkjaúrvalið á nesdekk.is**